

FW: Leiðarendi

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Frá : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Heiti : FW: Leiðarendi
Málsnúmer : 1505013
Málsaðili : Hellarannsóknafélag Íslands
Skráð dags : 07.05.2015 14:05:20
Höfundur : Jóna Ósk Guðjónsdóttir

Viðhengi 1503uisb571.pdf1503uisb571.pdf
image001.jpgimage001.jpg

From: Árni B Stefánsson [mailto:abstef@simnet.is]
Sent: 30. apríl 2015 19:10
To: Haraldur Líndal Haraldsson; Pétur Óskarsson
Cc: 'Guðni Gunnarsson'
Subject: RE: Leiðarendi

Takk Haraldur

Jú, það sýnist mér, látum póstinn nægja. Brýnt er að flækja þetta ekki um of. Formlegar tillögur bíða betri tíma, en þær verða að byggja á allvíðtækri sátt

Ég hef beðið nokkur samviskusöm minni ferðaþjónustufyrirtæki að koma með tillögur að fyrirkomulagi sem þeim hugnast. Það þvælist fyrir þeim, en sjáum hvað kemur út úr því. Sjálfur vil ég koma að þessu á forsendum sérþekkingar, fræðslu og ráðgjafar. Það stefnir að mínu mati í óefni í sumar, sem etv er ekki slæmt, því þá skilja allir viðk. að eitthvað þarf að gera og/eða auðveldara verður að innleiða slíkt.

Kíktu/kíkið á leiðbeiningar UIS varðandi sýningarhella, bls 25-30 í: <http://test3.brlog.net/downloads/uis-bulletins/uisb571.pdf> og/eða í meðf. viðh.

F.h. Verndunarnefndar HrfÍ
Árni

From: Haraldur Líndal Haraldsson [mailto:hlh@hafnarfjordur.is]
Sent: 30. apríl 2015 17:23
To: Árni B Stefánsson; Pétur Óskarsson
Cc: 'Guðni Gunnarsson'
Subject: RE: Leiðarendi

Sæll Árni og þakka þér fyrir þetta.

Er ekki næst í þessu að ég leggi formlegt erindi fyrir bæjarráð hvort það má vera þessi póstur eða þú skrifir annan til að leggja fyrir bæjarráð þar sem hugmyndir þínar koma fram.

Með kveðju/ best regards,



From: Árni B Stefánsson [<mailto:abstef@simnet.is>]
Sent: 29. apríl 2015 22:23
To: Pétur Óskarsson; Haraldur Líndal Haraldsson
Cc: 'Guðni Gunnarsson'
Subject: Leiðarendi

Sæli báðir

Ég hefði viljað fara að huga að því að koma skipulagi á „rekstur“ Leiðarenda og umhverfi hellisins. Umferð ferðamanna er orðin það mikil að 10% álag á, eða 10% af því sem ferðamenn greiða fyrir ferð í hellinn getur staðið undir töluverðum rekstri og eftirliti. Slíkt þarf alls ekki að vera neikvætt, þvert á móti. Margir þeirra sem „nýta“ hellinn hafa metnað og sjálfvirðingu og vilja gera vel. Í hugarfari þeirra höfum við meðbyr sem má nýta.

Það fer raunverulega að verða brýnt að koma upp salernum, aðstöðu fyrir eftirlitsaðila/umsjónaraðila, afmarka stíginn að hellinum, endurgræða mosann utan stígsins. rutta til grjóti í hellinum á nokkrum stöðum, fyrirbyggja frekari skaða á hellinum eins og kostur er, lagfæra dropsteina og fræða leiðsögumenn!

Ég hef sótt á forsætisráðuneytið að koma skipulagi á málefni hraunhella í Þjóðlendum og hef ágætan hljómgrunn.

Í Þjóðgarðinum Jökulsárgljúfrum er lagt bann við ferðum í hraunhella nema með sérstökum undantekningum. Reglur þjóðgarðsins þar að lútandi eru ígildi deiliskipulags og/eða hafa lögformlegt gildi. Við Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður áttum samtál að þessu lútandi fyrir nokkrum árum (og reyndar oftari) og setti hann ákvæðið inn í framhaldi. Fylgst er með því að stærri hópar fari ekki í hella kringum Herðubreiðarlindir og Herðubreið. Auðvitað er hugsanlegt að einstaklingar heimsæki hella, en þjóðgarðsverði er ekki kunnugt um að svo sé.

Það verður ekkert einfalt að glíma við málefni Leiðarenda, en það er ábyrgðarleysi að hika mikið lengur. Ég hefði viljað heimsækja hellinn við tækifæri í fylgd ykkar tveggja og hugsanlega tveggja, þriggja annarra áhugasamra (Ómars Smára og/eða Eyjólfss ef þið kjósið) og leggja á ráðin. Við getum svo gefið okkur sumarið til að hugsa! Kalla saman fund með hlutaðeigandi í haust og leggja fram formlegar tillögur.

F.h. Verndunarnefndar Hellarannsóknafélags Íslands

Árni B. Stefánsson

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

No virus found in this message.

Checked by AVG - www.avg.com

Version: 2015.0.5863 / Virus Database: 4334/9612 - Release Date: 04/24/15

No virus found in this message.

Checked by AVG - www.avg.com

Version: 2015.0.5863 / Virus Database: 4339/9662 - Release Date: 04/30/15

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)